

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök  
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Ármúla 5 -108 Reykjavík  
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.240

Dags. 19.10.2014

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 240. mál á 144. löggjafarþingi**  
Leiðrétting verðtryggðra fasteignaveðlana (frádráttarliðir)

Hagsmunasamtök heimilanna hafa átt fundi með ráðherra nefnd um úrlausnir í skuldamálum heimila þann 27. ágúst 2013, sérfræðingahópi um höfuðstólslækkun húsnæðislána þann 21. október 2013, og fulltrúum verkefnisstjórnar um framkvæmd höfuðstólslækkunar húsnæðislána 21. febrúar 2014. Á öllum þessum fundum hafa fulltrúar samtakanna lagt áherslu á mikilvægi þess að farið sé að þeim lögum sem þegar gilda um neytendalán, við framkvæmd niðurfærslu þeirra, og bent á það sem einföldustu og um leið réttlátustu útfærslu slíkrar leiðréttingar. Ekki hefur verið tekið mark á neinum slíkum ábendingum, sem sést á því að í kjölfarið voru sett lög nr. 35/2014 um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana án tillits til laga um neytendalán, en í 11. gr. þeirra er jafnvel kveðið á um að breyting samkvæmt þeim sé undanþegin ákvæðum laga um neytendalán! Lög um neytendalán byggja hinsvegar á EES-tilskipunum sem Ísland er skuldbundið til að virða og hafa stjórnvöld því enga heimild til að víkja frá þeim reglum sem eiga að gilda samkvæmt þeim. Samtökin sjá í raun lítinn tilgang með því að setja fram afstöðu sína á ítarlegri hátt, gegn einbeittum vilja stjórnvalda til að hunsa hana, og sniðganga þjóðréttarskuldbindingar íslenska ríkisins.

Fram kemur í greinargerð með því frumvarpi sem hér um ræðir að við vinnslu þess hafi verið haft samráð við verkefnisstjórn um höfuðstólslækkun íbúðalána (en í henni sitja einkum starfsmenn ráðuneyta) og samráðshóp um framkvæmd höfuðstólslækkunar þar sem eigi sæti fulltrúar frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Landssamtökum lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóði og ríkisskattstjóra auk fulltrúa frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Samtökin gagnrýna harðlega að haft sé svo náð samráð sem raun ber vitni, við þá lánveitendur sem bera ábyrgð á því tjóni sem verið er að bæta með því að leiðrétta ábyrgðarlausar lánveitingar forvera þeirra, lán sem núverandi kröfuhafar fengu á mjög niðursettu verði og má líta á sem ríkisstyrk til hinna nýju banka á kostnað almennings, en að ekkert samráð hafi verið haft við fulltrúa þeirra neytenda og heimila sem máttu þola það tjón sem starfsemi umræddra lánveitenda hefur valdið þeim. Slík vinnubrögð eru ekki með nokkru móti samrýmanleg við sjónarmið um réttlæti, jafnræði og vandaða stjórnsýsluhætti.

Virðingarfyllt, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is